

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, fimmtudaginn 26. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ernu Birgisdóttur, Jónu Benný Kristjánsdóttur og Gunnari Sverri Gunnarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2025:

Málskotsnefnd KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild Vestra

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Málskotsnefnd KSÍ

Kærði:
Knattspyrnudeild Vestra

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 10. júní 2025 var tekin fyrir greinargerð málskotsnefndar KSÍ, dags. 6. júní 2025, sem barst nefndinni skv. 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Kærða var í kjölfarið veittur vikufrestur til þess að skila greinargerð og frekari gögnum með bréfi, dags. 10. júní 2025. Greinargerð barst frá kærða þann 18. júní 2025, eftir að veittur hafði verið frekari frestur vegna þjóðhátíðardagsins 17. júní.

II.

Málsatvik:

Mál þetta er tilkomið vegna greinargerðar frá málskotsnefnd KSÍ sem barst aga- og úrskurðarnefnd eftir leik KR gegn Vestra í Bestu deild karla þann 1. júní 2025 á grundvelli 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í greinargerð málskotsnefndar kemur fram að málskotsnefnd telji opinber ummæli aðalþjálfara Vestra í viðtali við Stöð 2 sport/Vísi og færsla forráðamanns félagsins á samfélagsmiðlinum X vera ósæmileg og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt greinargerðinni er það mat málskotsnefndar að annars vegar hafi aðalþjálfari Vestra með ummælum sínum vegið með ómaklegum og ósæmilegum hætti að dómara leiksins. Ummælin eru eftirfarandi:

„Stóra málið í þessu er að það er bara einn maður sem eyðileggur leikinn. Tekur af okkur algjörlega löglegt mark. Ég bara spyr, hvað ætlum við að vera lengi í þessari vítleysu? Leik eftir leik er maður settur á leiki sem gerir stór mistök leik eftir leik. Ég er orðin gríðarlega þreyttur á þessu [...]“

„Ég er orðin hundleiður á þessu. Maður er með hnút í maganum í hvert skeipti sem ákveðinn aðili dæmir leiki. Ég fatta ekki alveg hvaða kvóta er verið að fylla í með að þetta sé svona.“

„Er það eðlilegt að maður sé alltaf með hnút í maganum þegar ákveðinn aðili er að dæma, ég er ekki sá eini.“

„Maður er bara stressaður. Maður horfir á leikina, hann gerði stór mistök í síðasta leik samt er hann settur strax á leik í næstu umferð. Þetta var líka svona í fyrra. Einhverntímann verður að skoða hluti og meta.“

Hins vegar hafi Samúel Samúelsson, viðhaft opinberlega ósæmileg ummæli sem vegi að heiðarleika dómara leiksins á samfélagsmiðlinum X. Færslan birtist eftir umræddan leik KR gegn Vestra þann 1. júní sl. og er eftirfarandi:

„KR þurfti hjálp frá gulaliðinu í dag! Algjörlega óboðlegt að það sjá þetta allir nema gaurinn sem á að dæma þetta!“

III.

Málsástæður kærða:

Í samræmi við gr. 21.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál var farið með málið sem kærumál og var kærða veittur sjö daga frestur til að skila greinargerð með bréfi dags. 10. júní 2025. Aðalþjálfari kærða skilaði greinargerð þann 18. júní 2025, eftir að frestur hafði verið framlengdur um einn dag vegna þjóðhátíðardagsins 17. júní.

Í greinargerð aðalþjálfara Vestra hafnar hann því að ummæli hans séu ósæmileg og ómakleg. Þjálfarinn segir ummælin hafa verið hvöss og hörð en sannleikanum samkvæmt. Þá vísar hann til þess að þau lýsi hugarástandi hans og tilfinningum í beinu framhaldi af leik þar sem manni finnst á sér brotið. Þjálfari Vestra vísar til þess í greinargerð sinni að mistök leikmanna og dómara geti á sama hátt haft afgerandi áhrif á úrslit leiks. Þjálfarinn vísar til þess að rangur dómur geti haft úrslitaáhrif og einn maður geti þar með eyðilagt leik og það að segja slíkt upphátt sé ekki annað en staðreynd.

Þjálfarinn vísar jafnframt til þess að í bréfi málskotsnefndar sé að finna langan kafla ummæla sem hann telur ekki geta verið öll til skoðunar þar sem framsetningin sé ónákvæm og þörf sé á að geta sér til um hvað í orðum hans geti verið ámælisvert. Þá telur þjálfarinn það sæta furðu að málskotsnefnd vísi bæði ummælum hans og forráðamanns Vestra til aga- og úrskurðarnefnd í einu og sama erindinu þar sem málin verði hvorki rekin saman né dæmd saman.

Í greinargerð þjálfarans eru umsagnir og einkunnir fjölmiðla um dómara leiksins og ákvörðun dómarateymisins um að dæma mark Vestra af vegna rangstöðu á 70. mínútu leiksins. Þá er einnig rakin önnur ákvörðun dómara leiksins í leik Breiðabliks gegn ÍA sem fram fór fyrir á tímabilinu og vísað til umfjöllunar miðilsins fótolti.net um frammistöðu dómarans í þeim leik.

Þjálfarinn vísar til þess í greinargerð sinni að skoða verði ummælin í samhengi við það sem átti sér stað í leiknum og rekur tilvitnuð ummæli ásamt skýringum á þeim.

Í greinargerðinni er vísað til fyrri mála sem varða ummæli einstaklinga þar sem viðurlög hafa verið vægar sektir auk þess sem vísað er til ummæla Arnars Gunnlaugssonar, þáverandi þjálfara Víkings, sem framkvæmdastjóri KSÍ sá ekki ástæðu til að vísa til aga- og úrskurðarnefndar. Að lokum er vísað til þess að það hljóti að mega setja út á störf dómara og það sé vandséð hvernig ummælin geti leitt til viðurlaga.

Í greinargerð aðalþjálfara kærða er ekki efnislega vikið að færslu forráðamanns kærða á samfélagsmiðlinum X og bærust aga- og úrskurðarnefnd engar frekari athugasemdir frá kærða vegna þess hluta greinargerðar frá málskotsnefnd KSÍ.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu kemur til skoðunar hvort ummæli og framkoma aðalþjálfara og forráðamanns Vestra sem vísað er til í greinargerð málskotsnefndar KSÍ falli undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt ákvæðinu er málskotsnefnd heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem geta skaðað ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem taka þátt í leiknum. Atvik geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega en skilyrði fyrir slíku málskoti er að atvik hafi ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum.

Með vísan til greinar 4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik, sbr. grein 4.2. sömu reglugerðar.

Enn fremur segir í grein 5.10. laga KSÍ, að sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ. Samkvæmt framangreindu er ljóst að kærði ber ábyrgð á framkomu aðalþjálfara félagsins sem og framkomu forráðamanns þess á opinberum vettvangi og ummæli beggja aðila má rekja til sama knattspyrnuleiks. Þar af leiðandi er það álit aga- og úrskurðarnefndar að heimilt sé að úrskurða um háttsemi beggja aðila í einu máli.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að gagnrýni á störf dómara teljist ekki sjálfkrafa fela í sér ósæmileg ummæli. Aftur á móti telur nefndin verulegan mun á því annars vegar að gagnrýna störf dómara og hins vegar að draga í efa hæfni dómara til að sinna dómaraastörfum.

Að öllu framangreindu virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli aðalþjálfara kærða hafi fallið í síðari flokkinn, þau hafi verið óvægin og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu.

Þá telur aga- og úrskurðarnefnd KSÍ jafnframt að tilvitnuð færsla forráðamanns kærða á samfélagsmiðlinum X hafi verið ósæmileg og vegið að heilindum dómara leiksins. Með vísan til framangreinds er það mat nefndarinnar að færslan hafi verið óvægin og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu.

Samkvæmt þessu falla tilvitnuð opinber ummæli aðalþjálfara Vestra í viðtali við Stöð 2 sport/Vísi og færsla forráðamanns félagsins á samfélagsmiðlinum X undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð að lágmarki upphæð kr. 200.000,- og allt að kr. 500.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið. Með vísan til alls framangreinds skal knattspyrnudeild Vestra sæta sekt að fjárhæð kr. 200.000,- vegna framangreindra ummæla og færslu á samfélagsmiðlinum X.

V.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Vestra skal sæta sekt að upphæð kr. 200.000,- til KSÍ

Erna Birgisdóttir [sign]

Gunnar Sverrir Gunnarsson[sign]

Jóna Benný Kristjánsdóttir [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.